

Olíudreifing ehf  
Hólmaslóð 8 - 10  
101 Reykjavík

Akureyri, 13.3.2023  
UST202203-073/G.S.Á.  
08.06.02

**Efni: Þykktarmæling 2022 - Olíudreifing ehf., Hvalfirði, geymir T0125 (nr. 14)**

Umhverfisstofnun barst þann 29. desember 2022, þykktarmæling og segulssviðsskönnun á olíugeymi Olíudreifingar ehf., Hvalfirði. Geymirinn hefur fastanúmerið T0125 og eigendanúmerið 311.14.00 og er staðsettur í olíubirgðastöð rekstraraðila að Litla-Sandi, Hvalfirði. Geymirinn er standandi stálgeymir smíðaður árið 1960.

Þykktarmælingar framkvæmdi Gísli Arnar Guðmundsson hjá HD ehf., þann 14. júlí 2022. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm. Einnig var notaður MFE MK IV Tank Floor Scanner. Serial No.MK4 0016-A-TFS. Var botn geymisins mældur ásamt neðsta umfari.

Fram kemur í skýrslu nr. TM\_MFL\_221844\_T0125\_14\_2022 frá HD ehf., að geymirinn sé ómálaður að innan og sé í þokkalegu ásigkomulagi að innanverðu. Fram kemur að gólf ásamt neðsta umfarinu sé tært að innan en án alvarlegra pytta eða þynningar. Geymir lítur afar vel út að utan.

Meðfylgjandi er skýrsla HD ehf. um þykktarmælingar geymisins.

**Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum.  
Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllt

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
Sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir  
Teymisstjóri